

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2024-2025

Að lesa leikrit; að auka fjölbreytni í lestrar-, frásagnar og ritunarverkefnum í ensku á unglingastigi.

Inngangur

Af hverju að lesa leikrit með nemendum? Jú, af því að það er texti sem er lifandi. Texti sem nemendur geta lagt eigin merkingu og skilning í og gefur þeim tækifæri til þess að prófa sig áfram í persónugerð og túlkun. Þetta verkefni mun stuðlar að því en hægt sé að opna fleiri möguleika í enskukennslu og bjóða upp á skapandi umhverfi þar sem nemendur geti tjáð sig um sitt á markmálinu. Tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Mikilvægt er að nemendur geti bæði lesið mismunandi texta og tjáð sig hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Því er gott að nemendur fái tækifæri til þess að nota tungumálið á skapandi hátt og að þeir fái fjölbreytt verkefni við hæfi. Út frá því varð þetta verkefni til; að lesa leikrit með nemendum.

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Markmið verkefnis er að útbúa kennsluefni og kennsluleiðbeiningar tengt leikritinu *An Inspector Calls* til notkunar í enskukennslu í 10 bekk. Kennsluefnið mun stuðla að því nemendur fái tækifæri til þess að lesa texta sem er annars eðlis og minna bókbundinn. Gefur þeim tækifæri til þess að mynda sér sínar skoðanir og tjá sig um þær. Kennsluefnið tekur mið af Aðalnámsskrá Grunnskóla og allt námsmat einnig.

Undirbúningur og samstarf

Undirbúningur verkefnisins fór fram á þann hátt að ýmis leikrit voru lesin til þess að finna verk sem bæði myndi stuðla að góðum umræðum, væri ekki of langt og að yfirferð rúmaðist vel innan veggja skólans. Einnig að þema og efni leikritsins væru áhugaverð yfir nemendur. Að endingu var litið til Bretlands og þá fannst þetta verk sem lengi hefur verið kennt í breskum skólum. Þegar búið var að velja verkið, *An Inspector Calls*, þá hófst lestur og hlustun og einnig áhorf þar sem þetta leikrit hefur verið kvikmyndað, sviðsett og flutt sem útvarpsleikrit. Það hversu auðvelt aðgengi var að efni um leikritið réð svo úrslitum í að velja það til kennslu. Ekki var mikið samstarfs við aðra kennara umfram að fá álit og ráðleggingar þegar vantaði þær í vinnslu verkefna með útfærslu á kennslu.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Í september og fram í miðjan október var undirbúningsfasi verkefnisins. Þá var útbúin vinnubók með spurningum fyrir nemendur og annað tengt kennsluefni. Drög voru gerð að kennsluáætlun sem var stöðugt uppfærð þegar kennsla hófst til þess að mæta aðstæðum hverju sinni. Kennsla hófst í 10 bekk. Kennslu þessa efnis lauk svo í janúar. Fyrir hverja kennslustund var búið að áætla hvaða efni væri til yfirferðar og eftir hverja kennslustund kennslan ígrunduð og farið yfir hvað virkaði og hvað ekki. Í mars og apríl var farið yfir kennsluefnið því breytt sem ekki gekk og annað sem þurfti lagað. Í framhaldi af því þá voru búnar til kennsluleiðbeiningar sem aðrir kennarar geta svo nýtt sér til að nota efnið til kennslu.

Framkvæmd á verkefninu

Kennsla hófst 21 nóvember og voru nemendur 22 sem tóku þátt í þessu verkefni. Oftast var kennt í tveimur hópum en í nokkrum tímum voru allir nemendur. Í fyrstu kennslustund var farið vel yfir hvernig námsmat myndi fara fram og hvaða hæfniviðmið væri verið að meta. Svo var horft á myndband um sögulegan bakgrunn leikritsins, rætt um höfundinn, og hver munurinn væri á að horfa á leikrit og kvikmynd og svo að lesa bók. Í næstu tímum á eftir þá leiklásu nemendur fyrsta leikþátt verksins. Nemendur skiptust á að lesa fyrir persónurnar og mikið var rætt um hvernig þær litu út, hvernig þær hljómuðu og höguðu sér. Umræður voru almennt líflegar og stærsti hluti nemanda tóku virkan þátt og sýndu mikinn áhuga á leikritun. Næstu vikur fóru svo í að lesa annan leikþátt og meðfram voru unnin verkefni úr vinnubókinni. Alltaf var farið saman yfir svörin en lögð var áhersla á að öll svör kæmu frá nemendum. 10 desember þá var ákveðið að breyta út af leiklestrinum og hlustuðum við á fyrri hluta þriðja leikþátts. Út frá því kom góð umræða um hvort nemendum fundust raddirnar passa persónunum og hvort að eftir að heyra þau hefðu breytt skoðun sinni á hvernig persónurnar væru. Í framhaldinu leiklásu nemendur síðasta hluta leikritsins og ræddu hvað þeim fannst um lok þess og hvort þau hefðu breytt einhverju. Stór hluti lokaumræðu fór í að ræða hvort atburðarás leikritsins hefði verið öðru vísi ef að það hefði verið sett í nútímanum.

Þegar kennsla hófst aftur í janúar þá horfðum við á kvikmyndaða útgáfu á leikritinu og í framhaldinu unnu nemendur lokaverkefni. Þeim var skipt í hóp og áttu að skrifa stuttan leikþátt um hvað myndi gerast þegar þessa persónur myndu hittast aftur mörgum árum eftir atburði leikritsins. Þetta verkefni tókst mjög vel og voru nemendur spenntir fyrir að fá að búa til eigin leikrit og fundu til búningar til að vera í á sýningardegi.

Að verkefni loknu þá fengur nemendur tvær einkunnir. Eina fyrir vinnu í vinnubók, þátttöku í leiklestrinum og virkni í tímum. Hin einkunnin var svo fyrir lokaverkefnið.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Nokkrar óvæntar hindranir komu upp við framkvæmd verkefnisins. Fyrsta var að að hafa málfræðikennslu meðfram þessu verkefni. Betra hefði verið að ljúka því fyrr og setja svo fókussinn á að kenna leikritið. Lagt var upp með að hafa próf í þessu en umræður tókust það vel og það var það margir sem tóku þátt að horfið var frá því að hafa próf og gera frekar lokaverkefni þar sem nemendur fengu að nýta sköpunargáfuna til að búa til eigin leikþátt.

Árangur verkefnis

Mesti ávinningur verkefnisins var að nemendur voru jákvæðari í tímum, töluðu mikið saman á ensku, tjáðu sig um sínar skoðanir. Hliðarverkun af þessu var svo að nemandahópurinn var óhræddari að tjá sig í frásagnarverkefnum sem sett voru fyrir eftir að þessu verkefni lauk.

Gott framhaldsverkefni væri að taka rammann sem varð til utan um þetta verkefni og búa til samskonar verkefni sem væri minna um sig fyrir 8 og 9 bekk.

Afurðir verkefnisins

Afurðir verkefnisins voru tvær. Annars vegar verkefnabók sem hægt er að nota þegar leikritið er kennt og hins vegar kennsluleiðbeiningar sem kennarar geta nýtt sér við kennslu á þessu efni.

Uppgjör kostnaður

Heildarupphæð styrks: 975.000

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
30. 05. 2025	130 Vinnustundir	975.000

Lokaorð

Það er að mörgu að huga þegar verið er að útbúa kennsluefni fyrir nemendur í grunnskóla. Kennsluaðferðir, efnisval, og námsmat þarf að vera fjölbreytt svo að sem flestir nemendur geti fengið sína stund í sviðsljósinu. Að lesa leikrit með nemendum er gefandi verkefni þar sem þau fá tækifæri til að stíga út fyrir rammann, en hafa samt góðan stuðning frá texta, og fá að leika sér meira með framburð og setja sig í spor ímyndaðra persónu. Það er oft fjör í kennslustundinni og mikið skipst á skoðunum. Hér fá þau tækifæri til að tjá eigin skoðanir og vera skapandi með enska tungu.

Eftir tvö ár í kennslu í unglingadeild þá upplifði ég eins og ég væri alltaf að gera sömu hlutina með nemendum. Því ákvað ég að stíga skrefið og búa til kennsluefnið sem mér fannst vanta. Út úr því kemur þetta þróunarverkefni. Ég vona að sem flestir kennarar muni geta nýtt sér þetta efni að hluta eða öllu leyti.

dags. nafn verkefnisstjóra

dags. nafn skólustjóra ábyrgðarskóla

Viðauki

Hér fyrir neðan er endurskoðuð áætlun sem tekur mið af því að ekki sé kennd málfræði meðfram kennslu á þessu efni. Þessa áætlun er einni hægt að finna í kennsluleiðbeiningunum fyrir þetta verkefni.

Viðmiðunaráætlun

Vika 1	- Verkefnið útskýrt fyrir nemendum og leikritið afhent. Mikilvægt er að nemendur skilji hvernig námsmat fari fram og sérstaklega að kennari sé að gefa einkunn fyrir virkni í tímum og þátttöku í umræðum. Í framhaldinu er gott að ræða hver er munurinn að lesa leikrit og að lesa bók. Ræða hvenær þau fóru á leikrit síðast og hvers konar upplifun það er og hversu ólíkt það er að lesa bók. - Í stað þess að búa til fyrirlestur um sögulegt samhengi hefur gefist betur að horfa á myndaband um það: https://www.youtube.com/watch?v=3fXw8lWWtIA - Nemendum skipt í hópa og látnir vinna pre-reading hluta vinnubókar saman. Bekkjarumræður í framhaldinu þar sem farið er yfir svörin og að hverju þau komust, hverjar þeirra hugmyndir séu um leikritið. - Nemendur og kennari lesa saman sviðslýsinguna og vinna sviðsverkefnið saman. Tala um af hverju það sé mikilvægt hvernig sviðsmyndin er. - Byrja að lesa saman Act I. Biðja um sjálfboðaliða til að lesa fyrir persónurnar. Gott er að byrja aðeins hægt og ræða persónurnar jafnóðum og þær koma fyrir í leikritinu. Hvernig halda nemendur að þær hljómi eða líti út?
Vika 2	- Ljúka við að lesa Act I - Vinna bls. 6-9 í vinnubók. Skipta nemendum í hópa og þau svara spurningunum saman. Fara yfir og ræða – eru allir sammála í svörum? Farið yfir orðaforða og tilvitnanir. - Umræða um hvar stöndum við núna? Hvert haldið þið að sagan sé að leiða okkur. Er einhver persóna sem stendur upp úr? - Aukaverkefni persónugreining – nemendum skipt í hópa og þau beðin að vinna verkefnið. Í lok tímans biðja alla hópa um að útskýra hvernig þau sáu sína persónu. - Byrja á Act II – hlusta saman á fyrstu 10-15 mín af act II. Í framhaldinu ræða við nemendur hvernig fannst þeim persónurnar hljóma – öðru vísi? Eins og þau bjuggust við? Breytti þetta þeirra álit á persónunum.

	- Halda áfram að hlusta á Act II. Athuga að gott er að vera vakandi og stoppa þegar koma orð eða orðasambönd sem nemendur kannast ekki við og skrifa upp á töflu.
Vika 3	- Ljúka við að hlusta á Act II. Taka umræðu um hvað þau haldi að muni gerast næst. - Vinna spurningar um Act II í vinnubók. Einstaklingsvinna og svo bekkjarumræður um svörin. - Byrja að lesa saman Act III. Skipta þeim í 6 manna hópa og láta þau leiklesa hvert fyrir annað. Gott að láta nemendur draga úr poka fyrir hvaða persónu þau eiga að lesa fyrir. Gott að gefa fyrirmæli um hversu langt þau eiga að lesa. Nota síðust 10 mín í tímanum til þess að ræða hvað var verið að lesa.
Vika 4	- Klára að hlusta á Act III í ca 10 mín pörtum og stoppa og ræða saman. - Vinna spurningar um Act III í vinnubók og fara yfir. - Vinna spurningar í sambandi við leikritið í heild. Allur bekkurinn saman. Tengja tölvu við skjá og svara saman. - Lokaverkefni kynnt - An Inspector Calls Revisited – nemendum skipt í hópa og mega byrja að vinna að leikritinu.
Vika 5	- Nemendur klára að vinna leikritin sín. - Flutningur á leikritum.